

Leiðbeiningar um uppgjör vegna söfnunar og ráðstöfunar skjáa í skilagreinum

Tilgangur:

Að halda utan um birgðir og inneign flutningsjöfnunar allra tegunda skjáa sameiginlega.

Skjám er oftast safnað sem heild og síðar eru þeir flokkaðir, meðhöndlaðir og sendir í ráðstöfun eftir mismunandi eiginleikum til ráðstöfunaraðila. Til þess að einfalda málið er söfnun skjáa á sérstöku vörunúmeri, 2) Skjáir – SÖFNUN, RAF2BL. Söfnun skjáa verður þá sameiginleg á því vörunúmeri og ráðstöfun úr viðeigandi vörunúmeri/flokki. Ef söfnun er alveg hrein má skrá söfnun og ráðstöfun í viðkomandi flokki beint á vörunúmerið í stað þess að gera sérstaka söfnunarskilagrein.

Gera skal **söfnunar**skilagrein fyrir skjái sem safnað er blönduðum í sérstaka skilagrein og nota vörutegund:

2) Skjáir - SÖFNUN RAF2BL

Ath. Ráðstöfun með framsali er leyfileg í söfnunarskilagrein þar sem tegund skjáanna þarf ekki að vera tilgreind við móttöku hjá næsta þjónustuaðila sem skráir magnið inn í söfnunarskilagrein.

Ef söfnun er óblönduð, t.d. flatskjáir frá tölvum sem safnað er hjá fyrirtækjum þá má skrá söfnunina í skilagrein í flokki 2) Skjáir – flatskjáir, RAF2FL ásamt ráðstöfun.

Birgðastaðan er heildarbirgðastaða fyrir alla flokka skjáa og skal nota niðurstöðutölur úr síðustu skilagrein í hvaða vörunúmeri sem hún var (MUNA að nota birgðastöðu af pdf skilagrein frá ÚRVIS).

Við **ráðstöfun** skal nota skilagrein fyrir hvern flokk sérstaklega og nota þá viðeigandi vörunúmer.

Dæmi um söfnun og ráðstöfun ýmissa vöruflokka og áhrif á birgðastöðu:

	Vöru- númer	Upphafs- birgðir	Söfnun	Ráð- stöfun	Loka- birgðir
Söfnun skjáa frá sveitarfélagi	RAF2BL	0	10.000		10.000
Söfnun flatskjáa frá banka og ráðstöfun	RAF2FL	10.000	2.000	3.500	8.500
Söfnun skjáa frá sveitarfélagi	RAF2BL	8.500	5.000		13.500
Söfnun og ráðstöfun með framsali	RAF2BL	13.500	2.000	5.500	10.000
Ráðstöfun túpuskjáa	RAF2TU	10.000		8.000	2.000
Söfnun og ráðstöfun flatskjáa	RAFF2FL	2.000	3.000	2.500	2.500

Flokkar raftækja/skjáa sem þetta verklag nær yfir:

2) Skjáir - SÖFNUN	RAF2BL
2) Skjáir - flatskjáir	RAF2FL
2) Skjáir - túpuskjáir	RAF2TU